

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 6. september 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Baldur Magnússon, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Samstarfsverkefni með rannsóknasetri HÍ

Fyrir fundinum lá minnisblað vegna samstarfs við Rannsóknasetur HÍ á Skagaströnd. Í minnisblaði kemur fram að unnið hafi verið að samkomulagi milli Rannsóknarseturs HÍ, Farskóla Nl. vestra og Sveitarfélagsins Skagastrandar um að ráða sameiginlegan starfsmann í 50% starfshlutfall. Gert er ráð fyrir að kostnaður við verkefnið verði 3,5 millj. króna sem skiptist þannig:

- | | |
|------------------------------|-----|
| • Sveitarfélagið Skagaströnd | 50% |
| • Rannsóknarsetur HÍ | 25% |
| • Farskólinn | 25% |

Verkefni starfsmanns verði að sinna ýmsum verkefnum hjá Rannsóknarsetrinu, ljósmyndasafni Skagastrandar, ráðgjöf við Námsstofu og sérstöku átaki á vegum Farskólans. Fram kom að Rannsóknarsetrið sé tilbúið til samstarfs og fyrir fundinum lá bréf frá Farskólanum þar sem jákvætt svar er veitt við þátttöku í verkefninu.

Halldór Ólafsson lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við þann starfsmann verkefnisins og vék af fundi.

Einnig lá fyrir fundinum erindi frá Andreu Weber sem var einn af listamönnum ágústmánaðar í Nes listamiðstöð sem lýsir miklum áhuga á starfi við ljósmyndasafnið.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi göng og samþykkti síðan samhljóða þátttöku í verkefninu til eins árs með Rannsóknarsetrinu og Farskólanum en taldi ekki forsendur til að auka við kostnað við verkefnið með frekari ráðningum. Áætlaður kostnaður sveitarfélagsins er 1,8 milljónir.

2. Hitaveita

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um stöðu hitaveitumála. Í því er m.a. fjallað um:

- Hitaveitudaga sem haldnir voru 31. ágúst og 1. september sl.
- Stöðu framkvæmda og undirbúnings á lagningu stofnlagnar og dreifikerfis.
- Niðurgreiðslur og stofnstyrki til nýrra hitaveitna sem hafa aukist með lengingu úr 8 ára viðmiðun í 12 ár og hækkun á hlutfalli til húseigenda úr 35% í 50%.
- Breytingum á eignum sveitarfélagsins þar sem gerð er frumgreining á helstu breytingum eigna sveitarfélagsins vegna hitaveitunnar.
- Lagningu ljósleiðara samhliða hitaveitulögninni.

Sveitarstjórn ræddi þau mál sem fram koma í minnisblaðinu og almennt um það verkefni að leggja hitaveitu til Skagastrandar.

3. Erindi óbyggðanefndar

Fyrir fundinum lá bréf óbyggðanefndar dags. 5. júlí 2012 þar sem tilkynnt er að fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins hafi lagt fram hjá óbyggðanefnd kröfur sínar um þjóðlendur á Norðvesturlandi – Húnavatnssýsla vestan Blöndu ásamt Skaga (svæði 8 norður), sbr. 10. gr. laga 58/1998. Í bréfinu kemur fram að óbyggðanefnd sem er sjálfstæður úrskurðaraðili, kynni þessar kröfur í þeim tilgangi að ná til þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Jafnframt er skorað á þá sem telja til eignarréttinda á þjóðlendukröfuvæði að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir óbyggðanefnd innan sex mánaða, nánar tiltekið í síðasta lagi 7. janúar 2013.

Í bréfinu kemur fram að kröfugerð af hálfu lögmanns fjármálaráðherra sem varðar hagsmuni Skagastrandar sé til svokallaðs Almennings í Skagaheiði. Meðfylgjandi bréfinu var kort af svæði því sem gerð er krafa um.

Sveitarstjórn ræddi efni og erindi bréfsins en samþykkti síðan að fela sveitarstjóra að ræða við lögmann um að verja hagsmuni sveitarfélagsins í málinu í samráði við nágrannasveitarfélög.

4. Tónlistarnám á framhaldsskólastigi

Fyrir fundinum lágu gögn um tónlistarnám framhaldsskólanema við Tónlistarskólann á Akureyri sem áður var til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar 27. júní sl. og var þá frestað. Sveitarstjórn hafði í ágúst mánuði fengið gleggri upplýsingar m.a. að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga muni koma að hluta kostnaðar. Þá var samþykkt með óformlegum hætti að verða við erindi um að greiða skólakostnaðinn sem er áætlaður um 250 þús. að teknu tilliti til framlags Jöfnunarsjóðs. Málið var því til formlegrar afgreiðslu. Halldór Ólafsson lýsti vanhæfi sínu vegna vensla við nemandann og vék af fundi. Sveitarstjórn samþykkti að greiða umræddan skólakostnað við Tónlistarskólann á Akureyri.

5. Bréf:

a. Siglingastofnunar, 31. júlí 2012

Í bréfinu er tilkynnt um að ósk sveitarfélagsins um að flýta framkvæmdum við lengingu viðlegukants verði kynnt á næsta fundi hafnarráðs.

Bréfið var til kynningar.

b. Sambands íslenskra sveitarfélaga 6. júlí 2012

Í bréfinu er greint frá því að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi gerst aðili að samstarfi nokkurra ríkisstofnana um nýsköpun. Í bréfinu kemur fram að fyrirhugað er að halda nýsköpunarráðstefnu 30. október nk. og veita þar viðurkenningu fyrir framúrskarandi nýsköpunarverkefni. Óskað er eftir tilnefningu til umræddrar viðurkenningar.

Bréfið var til kynningar.

c. Skógræktarfélag Austur Húnavetninga, 11. ágúst 2012

Með bréfinu óskar skógræktarfélagið eftir styrk til að heiðra minningu hjónanna Helgu Jónsdóttur og Steingríms Davíðssonar sem gáfu jörðina Gunnfríðarstaði til skógræktar. Ekki var vilji til að styðja við verkefnið.

d. Áslaugar Ottósdóttur, dags. 1. ágúst 2012

Með bréfinu fer Áslaug fram á að fá kaffihúsið Bjarmanes leigt sumarið 2013.

Erindinu var frestað til næsta fundar og óskað eftir frekari skýringum á leiguskiðmálum.

e. S. Agnesar Sævarsdóttur, dags. 1. júlí 2012

Með bréfinu er leitað eftir hvort enn séu í gildi vinnureglur um stuðning við nemendur í kennaranámi. Sveitarstjórn ræddi málið og kom m.a. fram að vinnureglur um stuðning við starfsmenn í námi hefur verið numin úr gildi og ekki forsendur í fjárhagsáætlun sem geri ráð fyrir umræddum stuðningi. Allar forsendur hafi breyst þar sem á sínum tíma var verið að leysa úr miklum skorti á réttindakennurum. Sveitarstjórn taldi því ekki forsendur til að endurvekja vinnureglur um fyrrgreindan stuðning.

f. Pricewaterhouse Coopers ehf, dags. 1. júlí 2012

Með bréfinu er greint frá því að breyting hafi orðið á yfirstjórn skrifstofu félagsins á Akureyri í kjölfar þess að núverandi stjórnendur hafi látið af störfum og kynnt nöfn þeirra sem hafi tekið við. Þá er óskað áframhaldandi góðs samstarfs við sveitarfélagið þrátt fyrir umræddar breytingar.

Sveitarstjórn ræddi efni bréfsins og þær breytingar sem það hefði í för með sér þar sem endurskoðandi sveitarfélagsins Davíð Búi Halldórsson hafi horfið frá störfum fyrir PwC.

g. Enor ehf. dags. 31. ágúst 2012

Með bréfinu er kynnt nýtt fyrirtæki á sviði endurskoðunar og tengdrar sérfræðiþjónustu á Akureyri, Enor ehf. Jafnframt er sveitarfélaginu boðin þjónusta við endurskoðun og tengd verkefni.

Sveitarstjórn ræddi erindi bréfsins og samþykkti að fela sveitarstjóra og oddvita að taka upp viðræður við félagið um endurskoðun.

6. Fundargerðir:

a. Tómskunda og menningarmálanefndar, 7.07.2012

Fundargerðin var samþykkt.

b. Tómskunda og menningarmálanefndar, 26.07.2012

Fundargerðin var samþykkt.

c. Tómskunda og menningarmálanefndar, 14.08.2012

Fundargerðin var samþykkt.

d. Stjórnar Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál, 21.07.2012

Meðfylgjandi fundargerðinni var ársreikningur byggðarsamlagsins. Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við ársreikninginn.

e. Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 3.07.2012

Fundargerðin var til kynningar.

f. Stjórnar SSNV, 5.07.2012
Fundargerðin var til kynningar.

g. Stjórnar Norðurár bs. 3.04.2012
Fundargerðin var til kynningar.

h. Stjórnar Norðurár bs. 3.07.2012
Fundargerðin var til kynningar.

i. Aðalfundar Norðurár bs. 12.07.2012
Fundargerðin var til kynningar.

j. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.06.2012
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Halldór vakti máls á að enn þurfi að fylgja eftir í umhverfismálum. Umræður urðu um málið og lýsti sveitarstjórn ánægju sinni með að margir hafi brugðist vel við og gert úrbætur en jafnframt að enn séu allmargir sem hafi ekki sýnt nein viðbrögð. Sveitarstjóra falið að taka saman lista yfir þær eignir sem lítil eða enginn viðbrögð hafa orðið til úrbóta og leggja fyrir næsta fund.

Umræður urðu um hunda- og kattamál, bæði skort á skráningu þeirra og gæludýrahald almennt. Samþykkt að fela sveitarstjóra að fylgja fastar eftir skráningu hunda og katta.

Umræður urðu um umferðarhraða og hraðahindranir, sem og umferð fjórhjóla og próflausra unglinga á vélknúnum ökutækjum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁴⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Baldur Magnússon,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson